

## Skólaráð – Fundargerð 17. desember 2024

Mætt eru: Herdís Erna Gunnarsdóttir skólastjóri; Ragnheiður Helga Bæringsdóttir fulltrúi kennara og ritari; Íris Dröfn Brynjólfsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna; Jóhanna Lind Brynjólfsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskóla; Alexandra Agla Jónsdóttir fulltrúi nemenda; Þórarinn Páll Þórarinsson fulltrúi nemenda.

Stefanía Anna Vilhjálmsdóttir fulltrúi foreldra barna í leikskóla boðaði forföll.

Fundur haldinn í stofu 8 í grunnskóla Auðarskóla kl. 14:00 – 15:00

1. Fulltrúi grenndarsamfélags í skólaráð-Kosning  
Tillaga lögð fram að Guðrún Erna Magnúsdóttir verði grenndarfulltrúi, borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða.  
Eftir kosningu mætir Guðrún Erna á fundinn.
2. Skólapúlsinn  
Sendur í tölvupósti til fulltrúa, umræða um niðurstöður hefur farið fram í gæðaráði og á fræðslunefndarfundi. Niðurstöður hafa verið kynntar fyrir ráðgjöfum Ásgarðs. Umræðum um niðurstöður er ekki lokið í grunnskólanum.
3. Nemendaping 4.-10.b  
Skólastjóri fer yfir nemendaping og hvernig það fór fram. Niðurstöður kynntar og ræddar.
4. Gæðaráð-Gæðaviðmið  
[Gæðaviðmið grunnskóli Auðarskóli júní 2024 - Google töflureiknar](#)  
Skólastjóri fer yfir störf gæðaráðs og kynnur gæðaviðmið grunn- og tónlistarskóla sem gæðaráð vinnur eftir.

5. Skóladagatal 2025-2026

Vinna er hafin við gerð skóladagatals fyrir skólaárið 2025- 2026.

6. Skólareglur-Fréttir af gangi mála

Eftir áramót mun vinna halda áfram með niðurstöður Nemendapings. Farið verður í það að endurskoða skólareglur í kjölfarið.

Rýnihópar nemenda hafa tekið til starfa og fjalla um niðurstöður Nemendapings og áframhaldandi vinnu þar að lútandi.

7. Forvarnarteymi Dalabyggðar

Forvarnarhópur Dalabyggðar - Erindisbréf staðfest – Dalabyggð. Í teymi eru: Jón Arnar samfélagslögregla, Jóna Björg verkefnastjóri fjölskyldumála, Þórunn Björk skólahjúkrunarfræðingur, Guðbjört Lóa fulltrúi Auðarskóla, Kristján Meldal fulltrúi íþróttá- og tómstunda og Guðrún Blöndal fulltrúi íþróttá- og tómstunda.

Þrjár fundir hafa farið fram

Skólaráð og foreldrafélag geta komið með málefni til forvarnarhóps.

Forvarnarstefna Dalabyggð fyrir 2025 – 2027: Vinna hafin

8. Breyting á dagatali leikskólans í febrúar 2025

Skólastjóri biður um færslu á skipulagsdegi frá 11. febrúar yfir á 12. febrúar. Tillaga samþykkt.

9. Önnur mál

Skólastjóri segir frá starfi haustsins

Kaffihúsakvöld- Næst verður dregið í happdrætti á staðnum, hugmynd að hafa happdrætti inn á milli atriða.

Kynna þarf betur tilgang og starf Ungmennaráðs fyrir nemendum skólans.

Stefanía Björg bendir á að Foreldrafélagið getur veitt styrki , nemendur hafa þegar óskað eftir styrkjum– leikskóli getur óskað eftir styrkjum

10.Næsti fundur skólaráðs: 18. febrúar  
Verður kl. 15 eða 15:30

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.

Fundargerð ritaði Ragnheiður H. Bæringsdóttir. Skólastjóri staðfesti fundargerð.